

Minnisblað til velferðarnefndar Alþingis vegna 418. máls um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaáætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða til ársins 2030

Með tölvupósti, dags. 31. maí sl., óskaði nefndarritari velferðarnefndar, f.h. formanns nefndarinnar, eftir minnisblaði frá heilbrigðisráðuneytinu þar sem brugðist yrði við umsögnum vegna 418. máls um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaáætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða til ársins 2030.

Heilbrigðisráðuneytið bendir á að þrír af þeim sjö aðilum sem sendu umsögn um þingsályktunartillöguna höfðu þegar veitt umsögn um drög þau sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda 11. janúar 2022. Það er sammerkt með umsagnaraðilum þá og nú að þeir fagna framkominni þingsályktunartillögu.

Hér á eftir verður brugðist við helstu athugasemdum sem fram koma í umsögnum hvers umsagnaraðila.

Farsæl öldrun – þekkingarmiðstöð.

Leggja áherslu á að heilbrigðisráðuneytið og félags- og vinnumarkaðsráðuneytið móti sameiginlega stefnu í heilbrigðis- og félagsþjónustu fyrir aldraða. Þetta er eitt verkefna verkefnastjórnar um þjónustu við eldra fólk sem er að hefja störf, í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Einnig er í umsögninni lögð áhersla á persónumiðaða þjónustu og þjálfun starfsfólks. Hvoru tveggja er hluti af þingsályktuninni.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh).

Leggja áherslu á samþættingu heilbrigðis- og félagskerfis. Sjá viðbrögð við athugasemd hér að ofan. Telja mikilvægt að öldrunarhjúkrunarfræðingar verði málstjórar skjólstaðinga í heimahjúkrun. Þessi athugasemd hefur komið fram á fyrri stigum m.a. frá Pálma V. Jónssyni öldrunarlækni. Heilbrigðisráðuneytið bendir á að skv. lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 með síðari breytingum, eru það stjórnendur heilbrigðisstofnana sem bera ábyrgð á þjónustunni og þá jafnframt hvaða fagstétt sinnir hverju verkefni í samræmi við reglugerðir um heilbrigðisstéttir. Hið sama á við um athugasemd Fíh um hjúkrunarmóttökur.

Aðrir þættir í umsögn Fíh eru ýmist ávarpaðir í þingsályktuninni sjálfri eða í samráðskafla þingskjalsins.

Landssamtökin Þroskahjálp.

Áhersla á samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og í þessu sambandi sérstaklega aldrað fatlað fólk. Heilbrigðisráðuneytið telur mikilvægt að verkefnastjórn um þjónustu við eldra fólk taki þessa athugasemd til sérstakrar umfjöllunar.

Samband íslenskra sveitarfélaga.

Ítrekað er að sambandið hafi gert margvíslegar athugasemdir við stefnu í þjónustu við eldra fólk frá 2021 en telur að hvorki hafi verið unnið úr þeim athugasemdum né stefnan formlega samþykkt. Heilbrigðisráðuneytið bendir á að um drög að stefnu var að ræða og ekki gert ráð fyrir því að staðfesta og birta þau drög sem fullbúna stefnu. Tvær megin stefnur eru staðfestar og birtar á vegum ráðuneytisins þ.e. Heilbrigðisstefna til ársins 2030 og Lýðheilsustefna til ársins 2030. Drög að öðrum stefnum eru unnin til samræmis við þær stefnur og síðan unnar úr þeim aðgerðaáætlanir. Sambandið sendi inn umsögn, dags. 7. febrúar 2022, um drög að þingsályktuninni í samráðsgátt stjórnvalda og var að verulegu leyti tekið tillit til þeirra athugasemda eins og fram kemur í samráðskafla þingsályktunartillögunnar.

Athugasemdir sambandsins við einstaka kafla:

Kafla 1.

Heilbrigðisráðuneytið gerir ekki athugasemd við tillögu sambandsins um breytingu á b lið.

Kafla 2.

Heilbrigðisráðuneytið telur ekki unnt að breyta d lið 2. þar sem Alþingi ákvarðar fjármögnun á fjárlögum.

Kafla 3.

Heilbrigðisráðuneytið áréttar að embætti landlæknis gaf út viðmið um mönnun á hjúkrunarheimilum árið 2001. Önnur útgáfa viðmiðanna var birt í september 2015. Um viðmið er að ræða og heilbrigðisráðuneytið hefur ekki sett fram kröfur um mönnum eins og fullyrt er í umsögninni. Ráðuneytið leggur hins vegar áherslu á að þjónusta á hjúkrunarheimilum uppfylli gæðakröfur embættis landlæknis. Gæði og öryggi eru áhersluþættir fremur en samsetning mannaflans. Þá ber einnig að ítreka að fjármálaráðuneytið gerir kjarasamninga við félög heilbrigðisstétta og reiknar launabætur skv. því.

Kafla 4.

Heilbrigðisráðuneytið hefur lagt mikla áherslu á velferðartækni í þjónustu við eldra fólk, ekki hvað síst í heilbrigðisþjónustu heim. Á síðasta ári var til að mynda 550 m.kr. varið sérstaklega í þetta verkefni af hálfu ráðuneytisins. Embætti landlæknis vinnur að samþættingu sjúkraskrár og aðgengi að henni.

Kafla 5.

Heilbrigðisráðuneytið leggst gegn tillögu sambandsins um breytingu á a lið og vísar í athugasemdir við kafla 2 og 3 hér að ofan.

Kafla 6.

Heilbrigðisráðuneytið vísar á umfjöllun í þriðja síðasta punkti samráðskafla þingsályktunarinnar og telur ekki tímabært að breyta þeirri hugtakanotkun. Gera má ráð fyrir að verkefnastjórn um þjónustu við eldra fólk muni fjalla um þetta mál. Samband íslenskra sveitarfélaga á tvo fulltrúa í þeirri verkefnastjórn.

Að öðru leyti vísar heilbrigðisráðuneytið í umfjöllun og skýringar í samráðskafla þingsályktunarinnar.

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV).

Samtökin leggja áherslu á víðtækt samráð og óska eftir þátttöku í verkefnastjórn um þjónustu við eldra fólk. Heilbrigðisráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra skipa í stjórnina skv. tilnefningum stjórnarsýslustiganna og hagsmunasamtökum notenda. Fjöldi rekstraraðila sem koma að þjónustu/stuðningi við aldrada er slíkur að ekki er unnt að fulltrúar þeirra sitji í verkefnastjórninni. Gert er ráð fyrir að verkefnastjórnin skipi starfshópa um einstaka þætti og þar verða meðal annarra fulltrúar rekstraraðila kallaðir til.

Athugasemdir SFV við einstaka kafla:

Kafla 1.

SFV óskar eftir fulltrúa í starfshóp vegna Áratugs heilbrigðrar öldrunar. Heilbrigðisráðuneytið áréttar aðkomu rekstraraðila að umfjöllun um afmörkuð efni í þeirri vinnu, rétt eins og vinnu verkefnastjórnarinnar.

Kafla 2.

SFV leggur áherslu á að fjárveitingar séu í samræmi við metnar þjónustuþarfir. Vísað er í athugasemd ráðuneytisins við sambærilega umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Kafla 3.

SFV leggur áherslu á að unnt sé að greiða samkeppnishæf laun í þjónustu við eldra fólk og bendir jafnframt á viðmið embættis landlæknis um mönnun á hjúkrunarheimilum. Heilbrigðisráðuneytið vísar í athugasemd ráðuneytisins við sambærilega umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Kaflar 4 og 5.

Ekki koma fram atriði í umsögn SFV sem ekki er fjallað um í samráðskafla þingsályktunar og/eða hér að framan.

Kafla 6.

SFV leggja til að bætt verði í þennan kafla þingsályktunarinnar málsgrein um sameiginlega vinnu við útfærslu á greiðslu húsnæðiskostnaðar til hjúkrunarheimila til framtíðar. Eins og fram kemur í umsögn SFV hefur þessari vinnu þegar verið komið í farveg undir forystu fjármálaráðuneytisins. Auk þess er bent á umfjöllun í næst síðasta lið samráðskafla þingsályktunartillögunnar.

SFV fjalla auk þess um nokkra þætti í umsögn sinni s.s. skilgreiningu á einstökum rýmum, innheimtu kostnaðarhlutdeildar heimilismanna, læknisþjónustu o.fl. sem heilbrigðisráðuneytið tekur undir að skiptir máli. Á þessum þáttum er tekið í samningsmarkmiðum vegna kaupa á þjónustu og samningum við einstaka rekstraraðila.

Sjúkraliðafélag Íslands.

Í umsögn Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) er fyrst og fremst fjallað um mikilvægi starfa sjúkraliða í þjónustu við aldraða. Eins og fram kemur í fyrsta lið samráðskaflans í þingsályktunartillögunni taldi ráðuneytið ekki rétt að fjalla sérstaklega um ákveðnar stéttir. Fram kemur í umsögn SLFÍ að tekið var tillit til atriða í umsögn félagsins við drögum að þingsályktuninni sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda.

Sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.

Í umsögninni er fjallað um þær sérstöku áskoranir sem sveitarstjórnir víðfeðmra sveitarfélaga standa frammi fyrir við skipulag þjónustu. Heilbrigðisráðuneytið fagnar þeim hugmyndum sem kynntar eru í umsögninni þ.e. þróunarverkefni um þjónustu við eldra fólk, í sameinuðu sveitarfélagi.